

Fimmtudaginn 17. mars 1994.

Nr. 456/1993.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Presti Sigmundssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Líkamsárás. Skaðabætur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu einvörðungu um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga í því skyni aðallega að fá refsingu niður fellda, en til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, og refsingin verði skilorðsbundin. Þá krefst hann sýknu af skaðabótakröfu, en til vara, að hún verði lækkuð. Af hálfu ákærvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. október 1993. Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti krafðist sækjandi staðfestingar héraðsdóms með vísan til þess, hvernig áfrýjunarstefnu væri háttað, er þar var ekki gerð krafa af hálfu ákærvalds um þvingingu refsingar ákærða.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Þá skal ákærði greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Við þingfestingu málsins í héraði var ákærða birt ákæra í máli þessu. Voru þá liðnir tæpir tíu mánuðir frá útgáfu ákæru. Dráttur þessi hefur ekki verið réttlættur af héraðsdómara.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Pröstur Sigmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæsta-

rétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 16. mars 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 16. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Sveini Sigurkarlssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. Ke-91. 2932: Ákærvaldið gegn Presti Sigmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 10. þ.m., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. janúar 1992, gegn Presti Sigmundssyni, kt. 160972–3949, Skólabraut 2, Grindavík (áður Heiðarhrauni 40A), „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 19. október 1991 við skemmtistaðinn Festi í Grindavík slegið Gísla Sigurjón Brynjólfsson, fæddan 7. apríl 1975, mörg hnefahögg í andlit með þeim afleiðingum, að hann kinnbeinsbrotnaði vinstra megin og bólgnaði og marðist um vinstra auga.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta, verði þeirra krafist“.

Dómkröfur ákærða eru þær, að refsing verði látin niður falla, en til vara að hann hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, og að málskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Af hálfu kæranda hefur verið lögð fram bótakrafa, að fjárhæð kr. 370.282, sem ákærði hefur mótmælt sem allt of hárrí.

Málavextir.

Mánudaginn 21. október 1991 kom Gísli Sigurjón Brynjólfsson, kt. 070475–5969, til rannsóknarlögreglunnar í Keflavík til þess að kæra líkamsárás sem hann varð fyrir aðfaranótt laugardagsins 19. október 1991 fyrir utan skemmtistaðinn Festi í Grindavík. Hefur hann skýrt svo frá að hann muni ekki nákvæmlega hvað klukkan hafi verið er þar lauk mælskukeppni framhaldsskólanna en hann hafi verið búinn að vera um það bil hálf klukkustund þar fyrir utan þegar á hann hafi verið ráðist. Hann hafi verið þarna ásamt hópi af krökkum því að dansleikur, sem greiða þurfti inn á, var fyrirhugaður í húsinu eftir keppnina. Kvaðst Gísli hafa heilsað þar stelpu sem hann kannaðist við og heitir Elva, en hún hafi verið með Presti þeim er síðar réðst á sig. Kvaðst Gísli hafa tekið í höndina á Elvu og borið hana upp að vörum sér til þess að kyssa á hana en hún hafi kippt að sér hendinni þannig að hann kyssti hana aldrei. Síðan liðu 10 til 15 mínútur en þá er skyndilega þrifið í hann og sagt: „Varst þú að reyna að kyssa stelpuna

mína?“ Ekki kveðst Gísli muna frekar eftir þessu nema einstaka atburði á stangli, en við högginn hafi hann rotast og auga hans lokast vegna bólgu og blæðinga auk þess sem hann hafi fengið skurð á vinstri augabrún og vinstra kinnbein brotnað.

Vitnið Hrefna Mjöll Kristvinsdóttir, kt. 031075–4839, hefur komið fyrir dóminn og skýrt frá því að hún hafi séð Pröst slá Gísla í andlitið í umrætt sinn og að Gísli hafi fallið við högginn. Í framburðarskýrslu vitnisins, sem hún hefur staðfest sem framburð sinn fyrir dómnum, kemur fram að Pröstur hafi haldið Gísla allan tímann á meðan hann var að berja hann og að Gísli hafi hangið líkt og rotaður og fallið í götuna þegar Pröstur sleppti honum. Ekki varð vitnið þess vart að Gísli gerði nokkuð til þess að verjast árásinni. Þá hafi vitnið heyrt að ástæðan fyrir árásinni hafi verið að Gísli hafi verið að reyna að kyssa stelpu, sem Pröstur var með.

Vitnið Helena Rut Borgarsdóttir, kt. 020175–4279, hefur í skýrslu sinni fyrir dómnum skýrt frá atburði þessum og staðfest skýrslu þá sem hún gaf hjá rannsóknarlögreglu þann 23. október 1991. Þar kemur fram að hún hafi verið að tala við vitnið Hrefnu Kristvinsdóttur sem hafi allt í einu sagt: „Það er verið að kýla Gísla.“ Hafi hún séð, að Pröstur hélt framan í brjóstið á Gísla og kýldi hann þrisvar eða fjórum sinnum, en höfuð Gísla hafi hangið líkt og hann væri meðvitundarlaus, og þegar Pröstur sleppti honum hafi hann fallið í götuna. Einnig kemur fram í framburði hennar að hún hafi ekki séð Gísla aðhafast neitt sér til varnar en tekur fram eins og hún orðaði það: „Ég sá bara helminginn.“ Ekki kvaðst hún vita neitt um, hvernig þetta upphófst en hún hafi heyrt síðar að Gísli hafi ætlað að kyssa stelpu sem Pröstur var með.

Vitnið Jóhannes Arnar Árnason, kt. 290675–5109, hefur í skýrslu sinni fyrir dómnum skýrt svo frá að hann hafi verið nýbyrjaður að tala við Gísla Brynjólfsson fyrir utan Festi í Grindavík þann 19. október 1991 en þar var að hefjast ball á vegum Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þá hafi skyndilega og alveg að ástæðulausu af Gísla hálfu komið aðvífandi strákur að nafni Pröstur sem þreif til Gísla og barði hann. Ekki hafi komið til neinna orðaskipta Gísla og Prastar en Pröstur hafi gripið í föt Gísla framan á brjóstinu með vinstri hendi og síðan kýlt hann með þeirri hægri í andlitið. Segir vitnið, að Gísli hafi rotast við fyrsta höggið en Pröstur hafi haldið áfram að kýla Gísla, sem lyppaðist niður eftir fyrsta höggið, með því að halda honum uppi með annarri hendi og kýla hann með hinni. Vitnið segir, að Gísli hafi ekki gert neitt við Pröst áður en hann varð fyrir árásinni. Í skýrslu vitnisins hjá rannsóknarlögreglu, sem það hefur staðfest fyrir dómi eftir að hafa verið spurt sjálfstætt um atburði, kemur fram, að högginn hafi verið fimm talsins,

öll beint í andlitið, og að strax hafi farið að blæða úr augabrún Gísla en tveir Grindvíkingar hafi „stoppað Pröst af“ eftir þessi högg og sagt honum að hætta sem hann hafi gert. Eins kemur fram að Gísli hafi aldrei náð að verjast árásinni en hann hafi verið frekar mikið ölvaður. Pröstur hafi hins vegar ekki verið ölvaður að sjá, „að minnsta kosti ekki mikið“.

Í framburði vitnisins Elvu Bjarkar Guðmundsdóttur fyrir dómnum kemur fram að hún hafi verið á tali við vinkonu sína fyrir utan Festi þar sem hún ætlaði á ball umrætt kvöld er Gísli kom og tók í höndina á henni og kyssti á hana en er hún tók höndina í burtu ætlaði hann að kyssa hana á munninn en þær hafi ýtt honum burt. Í framhaldi af þessu hafi hún farið til Prastar og sagt honum að Gísli hefði verið að reyna við sig og að þetta væri ekki í fyrsta skipti. Við þetta hafi Pröstur snögglega reiðst. Hins vegar vissi hún ekkert um, að hann ætlaði að ráðast á Gísla, og sjálf varð hún ekki vitni að því, er hann réðst á Gísla. Hins vegar vissi hún til þess, að Pröstur hefði hótad Gísla, að hann myndi lemja hann, léti hann hana ekki í friði. Kvað vitnið Gísla hafa verið mjög drukkinn en Pröstur hafi verið „svona léttur“.

Önnur vitni eru ekki tiltæk.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa slegið Gísla Brynjólfsson aðfaranótt laugardagsins þrjú til fjögur högg í andlitið með krepptum hnefa hægri handar. Hann kveðst ekki muna, hvort Gísli hafi gert nokkuð til að verja sig, en hann hafi komið honum að óvörum. Ástæðuna til þess, að hann sló Gísla, segir hann hafa verið þá að Gísli hafi verið að reyna við stelpu sem hann hafi verið og sé enn með. Hann hafi snöggreiðst er hún sagði honum að Gísli hefði verið að reyna að kyssa sig fyrst á höndina og síðan á munninn þarna á planinu fyrir utan Festi, auk þess sem Gísli hafi verið að reyna við hana skömmu áður á busaballi og í skólanum.

Samkvæmt læknisvottorði, dags. 2. 12. 1991, er afleiðingum árásarinnar lýst þannig: „Við skoðun sáust strax merki um kinnbeinsbrot vi. megin með mikilli innkýlingu. Töluverð bólga var í augntóft, sjón var metin eðlil. og sjúklingur neitaði tvísýni. Síðar kom fram að hann notaði linsur og var hæ. linsan fjarlægð en sú vinstri var týnd. Hann kom síðan í rtg-rannsókn strax eftir helgi og staðfestu þær myndir cliniskan grun um brot á vi. kinnbeini með mikilli innkýlingu. Hann var sendur á HNE-deild Borgarspítalans og þann 28.10. var þar gert að brotinu en hið innkýlda kinnbein var mjög óstöðugt og þurfti að nota víra til að halda því stöðugu. Við eftirskoðun 5 dögum síðar kvaðst sjúkl. nú sjá tvöfalt við að horfa upp á við. Einnig kvartaði hann um dofa í efri vör vi. megin, en enginn dofi í nefbeini eða

kinninni. Rúmri viku eftir aðgerð fór að bera á roða í skurðsári og reyndist um sýkingu að ræða. Þurfti að stinga á því og meðhöndla með fúkkalyfjum. Síðan hefur gangur verið eðlil. nema enn ber nokkuð á tvísýni og dofa sem fylgja verður eftir.“

Niðurstaða.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann sé sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir, með þeim afleiðingum, sem þar er lýst. Málsvörn hans byggist á því, að framkoma kæranda í málinu hafi verið með þeim hætti að hún réttlæti árásina eða því sem næst.

Að mati dómara eru viðbrögð ákærða í máli þessu við þeirri áreitni, sem hann telur að kærandi hafi haft í frammi við unnustu hans og þannig beinst að honum sem móðgandi framkoma, ekki í neinu réttlætanlegu samhengi við þá alvarlegu árás sem fylgdi í kjölfarið þó svo að einungis væri byggt á framburði ákærða. Er í því sambandi bent sérstaklega á, að framburður vitna þeirra, er sáu atburðinn gleggst, eru mjög á eina lund. Hér var um að ræða árás á mann að óvörum sem hvorki gerði nokkuð né gat gert sér til varnar. Þá er sérstaklega litið til þess að samkvæmt framburði vitnanna Hrefnu Mjallar, Helenu Rutar og Jóhannesar Arnars virðist Gísli hafa rotast við fyrsta höggið sem ákærði greiddi honum í andlitið en engu að síður hélt ákærði áfram að berja hann með krepptum hnefa í andlitið með því að halda honum uppi meðvitundarlausum. Í framburði Jóhannesar Arnars kemur fram að strax hafi farið að blæða úr augabrún Gísla og að ákærði hafi ekki hætt barsmíðunum fyrr en hann var stöðvaður af tveimur Grindvíkingum sem sögðu honum að hætta.

Verknaður ákærða varðar við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Arnmundur Backman hrl. hefur lagt fram svofellda skaðabótakröfu á hendur ákærða, dagsetta 29. janúar 1992:

„Til mín hefur leitað Gísli Sigurjón Brynjólfsson vegna líkamsárásar, sem hann varð fyrir af hendi Prastar Sigmundssonar, Heiðarhrauni 30a, Grindavík. Í bréfi mínu til rannsóknarlögreglunnar í Keflavík hinn 14. nóvember gerði ég áskilnað til skaðabótakröfu.

Í læknisvottorði frá 2.12. er greint frá því að tvísýni og dofi sé ennþá vandamál hjá Gísla. Svo mun enn vera og þess vegna ekki loku fyrir það skotið að um varanlega örorku sé að ræða. Áskilnaður er gerður um frekari bótakröfur í einkamáli ef svo er.

Að svo komnu máli leyfi ég mér að gera eftirfarandi bótakröfu fyrir hönd Gísla Brynjólfssonar:

Útlagður kostnaður v/kaupa á einni linsu	kr.	5.200,00
Annar útlagður kostnaður samkv. meðfylgjandi nótum	kr.	15.082,00
Miski	kr.	300.000,00
Þóknun lögmanns með vsk.	kr.	50.000,00
		<hr/>
Samtals	kr.	370.282,00

Fjártjón er stutt reikningum, að fjárhæð kr. 11.582,00, og miskabætur þykja hæfilega ákveðnar kr. 100.000,00. Ber þannig að dæma ákærða til þess að greiða Gísla Brynjólfssyni kr. 111.582,00 að viðbættum kostnaði vegna lögmannaðstoðar, sbr. 4. tl. 172. gr. laga nr. 19/1991, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 22.616,00 eða alls kr. 134.198,00.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hafa fjórum sinnum verið gerðar við hann dómsáttir vegna brota á umferðarlögum á tímabilinu frá 6. október 1990 til 25. júlí 1991 og þann 18. október 1989 var ákæru fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga frestað skilorðsbundið í 2 ár.

Ekki hefur þessi sakaferill áhrif við ákvörðun refsingar í máli þessu.

Árás ákærða verður að telja mjög alvarlega, einkum ef litið er til þess, að henni er haldið áfram eftir að árásarþoli er orðinn meðvitundarlaus. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin þriggja mánaða varðhald, þar af tveir mánuðir skilorðsbundnir til tveggja ára.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hrl., kr. 40.000,00, og kr. 25.000,00 í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Pröstur Sigmundsson, sæti varðhaldi í þrjá mánuði en fresta skal fullnustu tveggja mánaða af varðhaldstímanum og sá hluti refsingarinnar falla niður eftir tvö ár frá birtingu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Ákærði greiði Gísla Brynjólfssyni kr. 134.198,00.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hrl., kr. 40.000,00, og kr. 25.000,00 í saksóknarlaun til ríkissjóðs.